

367. fundur Skólanefndar FS

13. mars 2024



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason, Einar Jón Pálsson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Leó Máni Quyen Nguyễn áheyrnarfulltrúi nemenda og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
 2. Yfirtaka á brautum Keilis.
 3. Viðbygging, staða.
 4. Önnur mál.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar. Nemendur í dagskóla eru um 900, í síðdegisnámi eru 68 og 129 nemendur eru í grunnskólavali. Rúmlega 20 nemendur úr Grindavík komu ekki aftur til náms eftir áramót. Þá hafa einhverjir nemendur með erlent ríkisfang farið úr landi. Páll Reykdal Jóhannesson hefur verið ráðinn í hlutastarf sem kennari í vélstjórn og málmíðnum. Árdís Sif Guðjónsdóttir, Árný Alda Ásgeirsdóttir og Sandra Mjöll Ólafsdóttir voru ráðnir stuðningsfulltrúar um áramót í stað tveggja sem hættu. Einn stuðningsfulltrúanna starfar einnig á framhaldsskólabraut. Nýnemar eru enn í bekkjarkerfi fram á vor og umsjón hefur haldið áfram til að minnka brotthvarf nemenda á fyrsta ári. Matsnefnd hefur verið að ræða við kennara og nemendur í bekkjum og í vor verður metið hvort áfram verður haldið með þetta fyrirkomulag.

2. Yfirtaka á brautum Keilis.

Skólameistari sagði frá samkomulagi við Keili um að skólinn taki yfir nám í einkaþjálfun og styrktarþjálfun og stúdentsbraut í tölvuleikjagerð. Þetta samkomulag var gert að beiðni stjórnar Keilis. Skólinn skuldbindur sig til að gera núverandi nemendum á þessum námsleiðum kleift að ljúka sínu námi með óbreyttu sniði. Búið er að auglýsa eftir kennurum fyrir íþrótt- og tölvuleikjanámið. Stjórnendur munu funda með nemendum Keilis og bjóða forráðamönnum nemenda í heimsókn í skólann. Fótaaðgerðafræði verður í Keili fram til áramóta en ekki er ákveðið hvað tekur við eftir það. Skólanefnd hvetur til þess að fjármagn verði tryggt til að áfram verði hægt að bjóða upp á það nám á svæðinu.

3. Viðbygging, staða.

Skólameistari sagði frá fyrstu hugmyndum um viðbyggingu fyrir verknám. Þar er gert ráð fyrir nýrri byggingu fyrir framan núverandi húsnæði. Skólameistari taldi betra að byggingin yrði til hliðar en ekki beint fyrir framan skólann. Von er á fleiri hugmyndum frá Framkvæmdasýslu ríkisins um útfærslur varðandi viðbygginguna. Almenn tætt um málið og voru nefndarmenn sammála um að nauðsynlegt væri að tryggja að viðbyggingin verði vel staðsett og uppfylli um leið allar kröfur. Skólameistari bar kveðju frá Ásrúnu Helgu en Grindvíkingar eru hlyntir þessu verkefni en geta ekki tekið þátt vegna aðstæðna.




Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'L.M.ÖN', 'K.A.S.M.', 'S.P.', and 'H.D.'.

4. Önnur mál.

- a) Skólinn er Stofnun ársins í flokki stórra stofnana í könnun Sameykis en þetta er annað árið í röð sem skólinn hlýtur þennan titil. Nefndarmenn óskuðu skólameistara og starfsfólki til hamingju með titilinn.
- b) Búið er að opna Fab Lab smiðjuna og forstöðumaður er nú að kynna hana í grunnskólum og fleiri stöðum á svæðinu.
- c) Meistaradagur var haldinn fyrr í mánuðinum en þar var meisturum og forsvarsmönnum fyrirtækja á svæðinu boðið í heimsókn til að kynna verknáminu í skólanum. Vel var mætt og dagurinn tókst vel.
- d) Skólameistari sagði frá því að staðkennsla féll niður í þrjá daga vegna hitavatsleysis í kjölfar eldgoss. Engar skemmdir urðu á búnaði eða húsnæði. Rætt hvort ekki þurfi að gera neyðaráætlun um hvernig brugðist verði við slíkum atburðum í framtíðinni.
- e) Búið er að opna fyrir umsóknir á starfsbraut og þar hefur mikil fjöldi umsókna borist. Útlit er fyrir að nemendur á brautinni verði yfir 100 næsta haust.
- f) Skólameistari ræddi fyrirspurn frá síðasta fundi skólanefndar þar sem spurt var um hugsanlegt fjarnám við skólann. Búið er að spyrjast fyrir hjá ráðuneyti og þar er ljóst að skólinn mun ekki fá aukið fjármagn vegna fjarnáms. Það myndi þá helst nýtast til að fylla upp í hópa sem eru fyrir.
- g) Rætt um forvarnarmál í skólanum. Skólinn er Heilsueflandi framhaldsskóli og fylgir þeirra stefnu. Einnig rætt um forvarnaviku Reykjanesbæjar en skólinn hefur tekið þátt í henni.
- h) Leó Máni formaður NFS sagði frá starfsemi nemendafélagsins. Góðgerðaviku er nýlukið en þar söfnuðust 1.350.000 kr. sem renna til Grindvíkinga. Árshátíð verður á næstunni sem og kosningar.
- i) Rætt um 50 ára afmæli skólans sem verður 2026. Almenn rætt um málið og m.a. rætt hvort taka eigi saman sögu skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður


Halldór Rósmundur Guðjónsson


Gunnar Valdimarsson


Kristján Ásmundsson, skólameistari


Einar Jón Pálsson


Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir


Leó Máni Quyen Nguyen


Guðmann Kristþórsson, fundarritari